



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun Snorrastofu í Reykholti
29. júlí 2000**

Yðar Hátign Haraldur konungur
Yðar Hátign Sonja drottning
Virðulegu ráðherrar
Kæru norsku vinir
Heiðruðu gestir

Snorri Sturluson var höfuðskáld fornrar tíðar, jöfurinn á blómaskeiði íslenskra sagna, höfundur Eddu og Heimskringlu, og að haldi fræðimanna Egils sögu; öndvegisverka í norrænum bókmenntum fyrr og síðar.

Hann var um sína daga helsti höfðingi Íslands, lögsögumaður og oddviti á Alþingi, vinur konunga og lagsbróðir. Hann var örlagavaldur á mesta ólguskeiði í sögu Íslendinga og færði þjóð sinni verk sem orðið hafa hornsteinar í sókn til sjálfstæðis og andlegrar reisnar.

Snorri hefur löngum reynst fræðimönnum og almennum lesendum margslunginn höfundur og erfitt að túlk verk hans með einhlítum hætti en þau lifa sjálf allar hugmyndasveiflur og tískustrauma, fersk og snjöll, erindi þeirra jafnbrynt á okkar tíð sem þegar þau voru samin hér í Borgarfirði.

Snorri hefur verið norrænum höfundum innblástur og ögrun, hvatning til dáða, mælikvarði á gæði verka eins og hitt íslenska höfuðskáldið Halldór Kiljan Laxness nefndi víða. Texti

Snorra birtir glögga sýn á það sem undir býr í rás atburðanna um leið og skilningurinn á mannlegum breyskleika er tær og skarpur.

Það er vandaverk að sýna slíkum snillingi þá ræktarsemi sem honum ber, minnst hans með sóma sem hæfir.

Hér í Reykholti hafa heimamenn á slóðum Snorra gerst oddvitar í góðu verki og beitt sér fyrir endurreisn kirkju og lærdómsseturs sem hyllir minningu Snorra með lofsverðum hætti.

Á opunardegi Snorrastofu færi ég sóknarpresti og sóknarnefnd, stjórn Snorrastofu og forstöðumanni, heimamönnum í Reykholtsdal og öðrum sem lagt hafa hönd að verki einlægur þakkir fyrir forystu ykkar og fórnfýsi. Það hefur verið mér og öðrum, stjórnvöldum og fleirum sem styrkt hafa verkið gleðiefni að geta rétt ykkur hjálparhönd. Trúnaður ykkar við arfleifð Snorra og vissan um sígildi verka hans fyrir unga og aldna um ókomin ár hafa verið sá drifkraftur sem dugði.

Her i dag vil vi også få takke våre norske venner for all hengivenhet og gode støtte som vi setter stor pris på.

Under mitt besøk i Norge for noen år siden kunne jeg sammen med Hans Majestet Kong Harald og Dronning Sonja glede meg over det verdifulle bidrag til Snorrastofa som vi fikk vite om i Bergen. Den norske deltakelsen er et strålende bevis på hvordan vi ærer den historie og kultur som knytter våre to land sammen med uslitelige bånd.

Det er på samme tid en ære og en fornøyelse at Hans Majestet Kong Harald og Dronning Sonja og en rekke norske venner og gode støttespillere er sammen med oss på åpningsdagen for Snorrastofa. På en symbolsk måte er denne deltakelsen en bekreftelse på den enestående forbindelsen mellom Island og Norge, og på den evigvarende verdi den har.

Það er von mín og ósk að Snorrastofa verði öflugt fræðasetur, áfangastaður og lærdómsmiðja fyrir alla þá sem unna sögu okkar og menningu og vilja með þekkingu á verkum og umróti miðalda öðlast skilning á eigin samtíð, efna í forðabúr sem dugir til að mæta óvissri framtíð á nýrri öld.

Hér verður einstök arfleifð klædd í búning nýrra tíma, skilningur skerptur og innsýn veitt í þau merku verk sem með öðru hafa gert okkur að þjóð um leið og þau rísa hátt í þeim musterum sem mannkyn hefur helgað sínum mestu skáldskaparverkum.

Hér verður Snorri tákn þeirrar auðlegðar sem menning og saga færa okkur, uppspretta skilnings á okkur sjálfum og þeim örlögum sem framtíð ber í skauti sér.

Ég óska heimamönnum, Íslendingum og vinum okkar í Noregi til hamingju með hið góða verk sem hér er unnið og bið að Snorrastofa og Reykholtstaður njóti heilla og vegsemdar um ókomna tíð.